



Gjaldeyrismarkaðurinn

Mánaðarlegt yfirlit


7. maí 2019

- Íslenska krónan veiktist lítillega á mótí gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar í apríl, fyrir utan sænsku krónuna.
- Í lok dags í gær (6.5.2019) stóð evran í 136,1 og hafði hækkað um 2,3% síðan um áramót. Bandaríkjadalur stóð í 121,5 og hafði hækkað um 4,7% frá áramótum.
- Velta á gjaldeyrismarkaði í apríl var 12,4 ma.kr. í samanburði við 32,2 ma.kr. veltu í mars.
- Seðlabankinn greip ekki inn á markaði í apríl. Síðasta inngríp bankans var í kjölfar gjaldþrots WOW air þann 28. mars þegar hann seldi 6 m.evra (0,8 ma.kr.).
- Fjöldi erlendra ferðamanna um Leifsstöð dróst saman um 18,5% milli ára í apríl, en apríl er fyrsti heili mánuðurinn eftir að WOW fór í þrot. 36% af sætaframboði til og frá Keflavíkurflugvelli á tímabilinu apríl-október í fyrra var á vegum WOW air. Fjöldi farþega til Íslands á vegum Icelandair jókst um 44% milli ára í apríl.
- Raungengið í mars var 9,8% lægra en í saman mánuði árið áður. Nafngengið var 11,2% veikara.

	06.05.2019	YTD	1M	3M	12M
GVT	180,1	3,5%	1,8%	-0,1%	13,8%
EUR	136,1	2,3%	1,9%	-0,6%	12,0%
USD	121,5	4,7%	2,2%	0,9%	19,6%
GBP	159,0	7,4%	2,7%	2,1%	15,8%
DKK	18,2	2,3%	2,1%	-0,6%	11,8%
NOK	13,9	3,8%	0,9%	-1,2%	10,5%
SEK	12,7	-3,1%	-0,6%	-2,9%	10,1%
CHF	119,3	0,9%	0,4%	-0,7%	17,5%
JPY	1,10	3,6%	3,1%	0,1%	17,9%

Heimild: Thomson Reuter Eikon

Gengisþróun




Síðasta dags. 6.5.2019


Heimild: Thomson Reuters Eikon




Frá áramótum hefur íslenska krónan veikst á móti gjaldmiðlum flestra viðskiptalanda okkar, að sænsku krónunni undanskildari.




Veltan á gjaldeyrismarkaði dróst saman á milli mánaða í apríl.




Krónan veiktist lítillega á móti evru í apríl.




Seðlabankinn greip síðast inn í markaðinn í lok mars.



Flóktið á íslensku krónunni gagnvart evru er nokkuð meira en flókt norsku og sænsku krónanna á móti evru.




Innlán innlendra aðila á I.G. reikningum á föstu gengi jukust um 48 ma.kr. (21%) fyrstu þrjá mánuði ársins.






Um 120 þúsund erlendir gestir fóru um Leifsstöð í apríl.




Heimild: Ferðamálastofa

Það er 18.5% fækkun milli ára.




Mánaðarleg gögn, seinasta dags. apríl 2019
Heimild: Ferðamálastofa

Halli á vöruviðskiptum við útlönd í mars var 8,8 ma.kr.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. mars 2019
Heimild: Hagstofa Íslands

Greiðslukortajöfnuður var jákvæður um 3,5 ma.kr. í mars.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. mars 2019
Heimild: Seðlabanki Íslands

Raungengi í mars var 13,6% lægra en þegar það var hæst í júní 2017; gengisvísitalan var 15.5% veikari.



Meðaltal mánaðar, síðasta dags. mars 2019
Heimild: Seðlabanki Íslands


Breytingin á raungenginu skýrist aðallega af nafngengisbreytingu.



Meðaltal mánaðar, síðasta dags. mars 2019
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands




Langtímavaxtamunur gagnvart evru er nú lægri en skammtímavaxtamunurinn.



Síðasta dags. 4.5.2019
Heimild: Thomson Reuters Eikon

Gjaldeyrisforðinn að fráðregnum erlendum skuldum ríkissjóðs og SÍ er 574 ma.kr.



*) Gjaldyrisforði að fráðregnum heildarskuldum SÍ og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum.
Staða í lok mánaðar, seinasta dags. 31.3.2019

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.